

Norðurþing  
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Reykjavík 5. janúar 2021  
UST202012-037/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010 - 2030 – Vindorkuver á Hólaheiði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030 fyrir vindorkuver á Hólaheiði.

Í greinargerð lýsingar kemur fram að fyrirhugað er að breyta landnotkun á Hólaheiði, sunnan norðausturvegar (85), Hófaskarðsleiðar þar sem gert verður ráð fyrir vindorkuveri. Breytingin gengur út á að landbúnaðarlandi verði breytt í iðnaðarsvæði til orkunýtingar þar sem landbúnaður verður einnig heimill. Á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir u.þ.b. 35 vindmyllum ásamt tengivirki, rafmagnsköplum, vegum og öðrum mannvirkjum sem tilheyra vindorkuveri.

Auk þess kemur fram að breytingin er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem framkvæmdin fellur í flokk A skv. tl. 3.02 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en þar segir: „*Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.*“ Einnig kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd hefur verið tilkynnt til 4. áfanga rammaáætlunar.

#### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er hraun sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að innan svæðisins er einnig votlendi og tjarnir sem falla undir ákvæði laganna.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið og votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þessara svæða sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni og votlendi þurfi að koma fram hvaða almannahagsmunir réttlæti röskunina, rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

### **Ásýnd**

Til að gera gleggri grein fyrir stærð og umfangi vindmyllnanna telur Umhverfisstofnun að gera ætti myndir af mannvirkjunum þar sem þau eru borin saman við þekkt mannvirki. Myndir af Hallgrímskirkjuturni hafa oft verið notaðar í slíkan samanburð.

### **Óbyggð víðerni**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í kafla 1.1.1 í landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst og jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða.

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti hvernig stefnan samrýmist landsskipulagsstefnu og ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

### **Afleidd áhrif**

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdirnar muni kalla á aðrar framkvæmdir, eins og raforkuflutningskerfi, sem munu hafa einhver umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að fjallað sé um þær framkvæmdir og umhverfisáhrif þeirra metin í umhverfisskýrslu.

### **Líftími**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um líftíma orkuversins í tillögunni. Ef gert er ráð fyrir niðurrifi orkuversins bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað verði um hvernig niðurrifi verði háttáð og umhverfisáhrifum þess.

### **Efnisþörf**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um efnisþörf og efnisnotkun í tillögunni og hvort efni sé tekið úr núverandi opnum námum eða hvort þurfi að opna nýjar.

### Úrgangur á rekstrartíma

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvernig meðhöndlun úrgangs verði á rekstrartíma, til að mynda endurnýjun og förgun á vindmylluspöðum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur